

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 23. nóvember 2018  
UST201811-116/A.B.  
08.15.00

**Efni:** Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn vegna hreinsun frárennslis á Egilsstöðum og í Fellabæ

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

### Tímaáætlanir

Í inngangi greinargerða kemur fram að fyrst verður farið í byggingu hreinstöð með fyrsta stigs hreinsun og seinna yrði svo bætt við annars stigs hreinsun svo hún uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Á bls. 19 í greinargerð er reiknað með að framkvæmdirin verði þrepaskipt og í þriðja áfanga muni stöðin uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Einnig kemur fram að ekki er ljóst hvenær ráðist verði í framkvæmdirnir við þriðja áfanga. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gerðar verði tímaáætlanir um hvenær stöðin uppfylli ákvæði reglugerðarinnar.

Samkvæmt skýrslu um samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014 sem byggir á upplýsingum frá heilbrigðisnefndum, var 60% skólp frá Egilsstöðum hreinsað í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitu og skólp þ.e. með tveggja þrepa hreinsun eða meiri. Þar segir m.a.: „*Lokið er uppsetningu tveggja þrepa hreinsibúnaðar fyrir 60% skólpins frá Egilsstöðum.*“ Þær framkvæmdir sem kynntar eru gera aðeins ráð fyrir eins þrepa hreinsun án upplýsinga um hvenær tveggja þrepa hreinsun verður komið á.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að tveggja þrepa hreinsun átti að vera komin á fyrir Fellabæ og Egilsstaði fyrir árslok 2005 skv. 21. gr. reglugerðar um fráveit og skólp.

### Náttúruminjar

Svæðið sem framkvæmdirin nær til kallast Finnastaðanes og Egilstaðanes og er nr. 647 á náttúruminjaskrá. Svæðinu er lýst sem votlendi með ríkulegum gróðri, tjörnum, kvíslum og gróðurríkum hólmum. Þar er allmikið og fjölbreytt fuglalíf, líklega eitt hið auðugasta

á Héraði. Svæðið er mikilvægur viðkomustaður fugla, einkum á vorin, þar sem ísa leysir snemma á þessu svæði.

Í greinargerð kemur fram að 250 m lagnarinnar auk allrar útrásarinnar munu lenda innan svæðisins og fylgir því óhjákvæmilega rask. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem er á náttúruminjaskrá er mjög víðfeðmt og metur það svo að stór hluti lagnakerfisins er innan svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem að svæðið er á náttúruminjarskrá þá segir í gr. 7.2 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp: „*Skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útvistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunararsvæða, sbr. II. viðauka A.*“

Líkt og bent hefur verið á þá kemur fram í greinargerð að skólphreinsistöðin muni fyrst einungis vera eins þrepa hreinsistöð og á seinni stigum sem hafa ekki verið tímasett, tveggja þrepa.

### Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að við árminni Eyvindarár þar sem að áin fer út í Lagarfljót er votlendi og fellur því svæðið undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sem fjallar um sérstaka vernd.

Þetta kemur ekki fram í greinargerð og þá er þar ekki fjallað um aðra mögulega valkostí vegna lagnaleiðar eða ástæður þess að aðrar lagnaleiðir voru ekki fyrir valinu til að forðast röskun á votlendinu.

Það athugast að í 3. mgr. 61. gr. er kveðið afdráttarlaust á um það hvað vernd skv. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðisins felur í sér og er þar mælt fyrir um bann við röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í tillögunni er ekki sýnt fram á að brýnir almannahagsmunir réttlæti röskun, sem nýtur sérstakrar verndar í skilningi náttúruverndarlaga.

### Bakkagróður

Samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Í greinargerðinni kemur hvorki fram hvaða aðferðum verður beitt til að rask á bakkagróðri verði haldið í lágmarki né til hvaða mótvægisáðgerða verður gripið til.

### Skipulagsmál

Í forsendurkafla gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins segir að skólp á Egilsstöðum, Fellabæ og Hallormsstað er að mestu leyti hreinsað í fjögurra þrepa hreinsistöðvum og miðast frárennsli þeirra við viðkvæman viðtaka. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir því að skólp sem ennþá fer í rotþrær verði hreinsað með sama hætti í hreinsistöðvum.

Auk þess segir í stefnu aðalskipulagsins að fráveitu- og úrgangsmál í sveitarfélaginu byggi á umhverfisvænum lausnum sem skipa því í fremstu röð á þessu sviði.

Þeirri framkvæmd sem er lýst er í greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu kemur fram að farið verður í eins þreps hreinsun og er því framkvæmdin í ósamræmi við gildandi aðalskipulag.

### Niðurstaða

Þær framkvæmdir sem kynntar eru gera aðeins ráð fyrir eins þrepa hreinsun án upplýsinga um hvenær tveggja þrepa hreinsun verður komið á. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að svæðið er á náttúruminjaskrá. Þá segir í gr. 7.2 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveit og skólp að skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útvistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða. Ekki kemur fram í greinargerð að fyrirhuguð framkvæmd muni bæta núverandi ástand í fráveitumálum.

Með vísan til þess sem að framan segir hvað varðar nýja hreinsistöð og fráveitukerfi þéttbýlis á Egilsstöðum og Fellabæ, telur Umhverfisstofnun framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur